

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 44

32. árgangur

17.7.2025

I EES-STOFNANIR		
1.	Sameiginlega EES-nefndin	
II EFTA-STOFNANIR		
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
III ESB-STOFNANIR		
1.	Framkvæmdastjórnin	
2025/EES/44/01	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11829 – DIF/VIRYA/DHYVE JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	1
2025/EES/44/02	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11998 – KKR/KARO HEALTHCARE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	2
2025/EES/44/03	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12003 – HELVETIA/BALOISE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2025/EES/44/04	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12015 – SICIT GROUP/TPG/RENAISSANCE PARTNERS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2025/EES/44/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12032 – BROOKFIELD/QATAR HOLDING/QUBE HOLDINGS/PATRICK TERMINALS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2025/EES/44/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12037 – DEUTSCHE BAHN/SCHWARZ GROUP/DATAHUB EUROPE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2025/EES/44/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12042 – DSBJ/GMD) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7

2025/EES/44/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12079 – NEOENERGIA/WARRINGTON/ITABAPOANA) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2025/EES/44/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11943 – MULTIPLY/CVC/PAI/TENDAM)	9
2025/EES/44/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11989 – CVC DIF/VNG/BALANCE)	9
2025/EES/44/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.12035 – APOLLO/DIDAVID/TRADEINN)	10

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/44/01

(mál M.11829 – DIF/VIRYA/DHYVE JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. júlí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- DIF Management B.V („DIF“, Hollandi), sem endanlega lýtur sameiginlegum yfirráðum CVC Capital Partners plc („CVC“, Jersey, Breska konungsríkinu, í gegnum CVC Advisers (Lúxemborg) S.a.r.l. (Lúxemborg), Stichting Administratiekantoor DIF Management Holding, PartnerCo B.V. og PartnerCo 2 B.V (öll frá Hollandi)
- Virya Energy NV („Virya“, Belgíu), undir sameiginlegri stjórn Colruyt Group NV („Colruyt“, Belgíu), og Korys Investments NV („Korys“, Belgíu)
- Dhyve B.V. („Dhyve“, Hollandi)

DIF og Virya ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar yfir Dhyve.

Samruninn á sér stað með hlutafjárkaupum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- DIF stýrir framtakssjóðum á sviði innviða með eignir í stýringu,
- Virya er virkt á sviði grænnar endurnýjanlegrar orkuframleiðslu auk vetnisframleiðslu og dreifingar. Móðurfélög Virya eru Colruyt, smásöluhópur í Belgíu með fjölbreytt eignasafn, bæði í formi matvæla og annars, Korys sem er fjárfestingarfélag Colruyt fjölskyldunnar og virkt á sviði neysluvara, orkuskipta og lífvísindamarkaða og
- Dhyve er virkt á sviði þróunar grænna vetnisverksmiðja og grænnar vetnisframleiðslu í gegnum VoltH2 hópinn

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 15.7.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11829 – DIF/VIRYA/DHYVE JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

(1) Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

(2) Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11998 – KKR/KARO HEALTHCARE)

2025/EES/44/02

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. júlí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- KKR & Co. Inc. („KKR“, Bandaríkjunum)
- Karo Intressenter Holding AB („Karo Healthcare“, Svíþjóð)

KKR öðlast full yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Encavis í heild sinni.

Samruninn á sér stað með hlutafjárkaupum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- KKR er fjárfestingarfyrirtæki með starfsemi víða um heim sem býður upp á margvíslega eignastýringarþjónustu og fjármagnsmarkaðs- og váttryggingalausnir,
- Karo Healthcare starfar á sviði heilbrigðisþjónustu með miklu úrvali vara til daglegra nota, svo sem lyfseðilsskyldra lyfja, læknaækja, vara sem eru ekki lyfseðilsskyldar, snyrtivara og fæðubótarefna.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 17.7.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11998 – KKR/KARO HEALTHCARE

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/44/03

(mál M.12003 – HELVETIA/BALOISE)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. júlí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Helvetia Holding AG („Helvetia“, Sviss)
- Baloise Holding AG („Baloise“, Sviss)

Helvetia rennur að fullu saman við Baloise, í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar.

Samruninn á sér stað með hlutafjárkaupum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Helvetia veitir allar tryggingalausnir, líf- og skaðatryggingar fyrir einstaklinga og fyrirtæki
- Baloise er veitandi og dreifandi tryggingalausna á víðu sviði, þ.á.m. mismunandi líf- og skaðatryggingum sem og forvarna-, lífeyris- og stoðþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 17.7.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.12003 – HELVETIA/BALOISE)

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 14.12.2013, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/44/04

(mál M.12015 – SICIT GROUP/TPG/RENAISSANCE PARTNERS)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. júlí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- TPG Inc. (Bandaríkjunum) („TPG“)
- Renaissance Partners S.à r.l. SICAV-RAIF (Lúxemborg), undir yfirráðum Renaissance Partners S.à r.l. (Lúxemborg) („Renaissance Partners Group“)
- SICIT Group S.p.A. (Ítalíu) („SICIT“), undir yfirráðum Renaissance Partners Group og Intesa Holding S.p.A. (Ítalíu)

TPG and Renaissance Partners S.à r.l. SICAV-RAIF ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir SICIT.

Samruninn á sér stað með hlutafjárkaupum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- TPG er fjárfestingafyrirtæki með starfsemi víða um heim sem samanstendur af sex vettvöngum með mismunandi vöru: fjármagni, vaxtarfjárfestingum, áhrifarfjárfestingum, fasteignum, markaðslausnum og Angelo Gordon
- Renaissance Partners Group er fjárfestingarfyrirtæki sem nýtir þrjár mismunandi fjárfestingaaðferðir til að stýra eignum fyrir meira en 3.3. milljarða evra, þar af 2,8 milljörðum evra samkvæmt Renaissance viðmiðun, og fjárfestir fyrir hönd mismunandi stofnanafjárfesta um allan heim, sér í lagi meðal fjölskyldufyrirtækja víða á Ítalíu og í öðrum Evrópulöndum
- SICIT er líffyrirtæki, staðsett á Ítalíu, sem framleiðir þurrkuð prótín og afleiður þess úr dýraleifum til notkunar í búvísinda-, landbúnaðarefna- og iðnaðargeirum, bæði á Ítalíu og erlendis

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 17.7.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.12015 – SICIT GROUP/TPG/RENAISSANCE PARTNERS

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 14.12.2013, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
**(mál M.12032 – BROOKFIELD/QATAR HOLDING/QUBE HOLDINGS/
PATRICK TERMINALS)**

2025/EES/44/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. júlí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Brookfield Corporation („Brookfield“, Kanada)
- Qatar Holding LLC („Qatar Holding“, Katar) undir yfirráðum Qatar Investment Authority („QIA“, Katar)
- Qube Holdings Limited („Qube“, Ástralíu)
- PTH No 1 Pty Ltd („Patrick Terminals“, Ástralíu)

Brookfield, með yfirtökufyrirtæki sínu Walker TC Pty Ltd, Qatar Holding og Qube Logistics öðlast í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar yfir Patrick Terminals.

Samruninn á sér stað með kaupum á verðbréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Brookfield er alþjóðlegt fjárfestingafyrirtæki með áherslu á endurnýjalega orku og orkuskipti, innviði, framtakssjóði, fasteignir, lán til fyrirtækja, rauneignir og skráð hlutabréf, flugvélaeigu og sérhæfða fjármögnun
- Qatar Holding er alþjóðlegt eignarhaldsfélag sem fjárfestir í skráðum og óskráðum eignum það er í eigu QIA, fjárfestingasjóðs í ríkiseigu sem fjárfestir á víðu sviði eignaflokka og svæða
- Qube er veitandi samþættrar vöruferilsstjórnunar fyrir inn- og útflutning í Ástralíu, Nýja-Sjálandi og SA-Asíu
- Patrick Terminals er með gámalosunar- og lestunarþjónustu og tengdan gámamiðstöðvarekstur í Ástralíu

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 16.7.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.12032 – BROOKFIELD/QATAR HOLDING/QUBE HOLDINGS/PATRICK TERMINALS

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjóð. ESB C 160, 14.12.2013, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
**(mál M.12037 – DEUTSCHE BAHN/SCHWARZ GROUP/
DATAHUB EUROPE)**

2025/EES/44/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. júlí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Schwarz IT Beta GmbH („Schwarz IT Beta“, Þýskalandi), í eigu Schwarz Group (Þýskalandi)
- Deutsche Bahn Aktiengesellschaft („Deutsche Bahn“, Þýskalandi) sem lýtur endanlega yfirráðum Sambandslýðveldisins Þýskalands
- DataHub Europe GmbH („DataHub Europe“, Þýskalandi), nú algerlega undir stjórn Schwarz IT Beta

Schwarz IT Beta and Deutsche Bahn öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir DataHub Europe.

Samruninn á sér stað með hlutafjárkaupum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Schwarz IT Beta, eignarhaldsfélag, er hluti Schwarz Group sem er alþjóðlegur hópur fyrirtækja með áherslu á matvælageirann
- Deutsche Bahn er virkt innan flutninga- og vöruferilsíðnaðarins

3. Starfsemi DataHub Europe verður sem hér segir:

- DataHub Europe mun starfa við þróun og dreifingu gagnastjórnunar- og gervigreindarþjónustu sem gerir, m.a., sölu og notkun gagna mögulega.

4. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 15.7.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.12037 – DEUTSCHE BAHN/SCHWARZ GROUP/DATAHUB EUROPE

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/44/07

(mál M.12042 – DSBJ/GMD)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. júlí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- DSBJ PTE. LTD. („DSBJ“), að fullu í eigu Suzhou Dongshan Precision Manufacturing Co., Ltd. („SDPM“, bæði í Kína)
- Groupe Mécanique Découpage S.A. („GMD“, Frakklandi)

DSBJ nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir GMD í heild sinni.

Samruninn á sér stað með hlutafjárkaupum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Starfssvið DSBJ er á sviði sem nær yfir marga geira, þ.á.m. hreinlætisvörur, einnota vörur til lækninga og hlífðarbúnað, framleiðslu rafeindabúnaðar og rannsókna á sólarorkutækni Grunnviðskipti DSBJ innan bilageirans samanstendur af framleiðslu prentplata, íhluta, snertiskjáaæininga og LED-tækja
 - GMD er framleiðandi íhluta í bifreiðar og reksturinn skiptist í þrennt: i) stimpilteild sem hannar og framleiðir tæknilega og flókna bifreiðaíhluti og sér um samsetningu (þ.e. festa, hnoðnegla og logsjóða), ii) steypudeild sem sérhæfir sig í hönnun, þróun og raðframleiðslu varahluta sem eru steyptir úr áli undir háþrýstingi fyrir bifreiða- og flutningabílamarkaðinn og iii) plast- og leðurdeild sem sérhæfir sig í þróun og framleiðslu á einingum og íhlutum í ökutækjainnréttingar og ytri skreytingar (úr plasti og leðri)
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 17.7.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.12042 – DSBJ/GMD

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 14.12.2013, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.12079 – NEOENERGIA/WARRINGTON/ITABAPOANA)

2025/EES/44/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. júlí 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Neoenergia, S.A. („Neoenergia“, Brasilíu), undir stjórn Iberdrola S.A. („Iberdrola“, Spáni)
- Warrington Investment Pte. Ltd. („Warrington“, Singapúr), undir stjórn GIC (Ventures) Pte. Ltd. („GIC“, Singapúr)
- Neoenergia Itabapoana Transmissão de Energia, S.A. („Itabapoana“, Brasilíu), nú alfarið undir yfirráðum Neoenergia

Neoenergia og Warrington munu með sameiginlegum fullum yfirráðum sínum yfir starfsemi Neoenergia Transmissão, S.A. („Neoenergia Transmissão“, Brasilíu) öðlast sameiginleg yfirráð yfir Itabapoana í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar.

Samruninn á sér stað með hlutafjárkaupum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Neoenergia starfar við framleiðslu, flutning, sölu og dreifingu raforku í Brasilíu. Iberdrola starfar við framleiðslu, flutning, sölu og dreifingu raforku á Spáni, í Brasilíu og um allan heim.
- Warrington er fjárfestingafélag GIC. GIC stýrir margskonar alþjóðlegum eignasöfnum í óskráðum félögum, áhættufjármagni og innviðum sem og beinum fjárfestingum í einkafyrirtækjum.
- Itabapoana starfar við flutning raforku í Brasilíu.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 15.7.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.12079 – NEOENERGIA/WARRINGTON/ITABAPOANA

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 14.12.2013, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2025/EES/44/09****(mál M.11943 – MULTIPLY/CVC/PAI/TENDAM)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. júlí 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11943. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2025/EES/44/10****(mál M.11989 – CVC DIF/VNG/BALANCE)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. júlí 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11989. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.12035 – APOLLO/DIDAVID/TRADEINN)

2025/EES/44/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 1. júlí 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M12035. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).